


Chalumeaux Tríoíð

og

Hanna Dóra

Kjartan Óskarsson
Sigurður Ingvi Snorrason
Ármann Helgason
klarínettuleikarar
Hanna Dóra Sturludóttir
söngkona



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 13. ágúst 2024 kl. 20:30

Chalumeaux-tríóið var stofnað árið 1990 af klarínettuleikurum Kjartani Óskarssyni, Óskari Ingólfssyni og Sigurði Ingva Snorrasyni. Óskar Ingólfsson lést árið 2009 tók þá Ármann Helgason sæti hans í tríóinu. Á verkefnaskrá tríósins eru verk sem spanna alla sögu klarínettuhljóðfæranna og forvera þeirra eða frá því á fyrsta áratug 18. aldar fram á okkar daga. Auk þess að leika upprunaleg verk eftir tónskáld á borð við Graupner, Mozart og fleiri hafa þeir Kjartan og Sigurður umritað fjölda verka fyrir tríóið. Þar má nefna fjölmargar aríur, dúetta og terzetta úr óperum eftir Mozart og Salieri sem tríóið hefur flutt ásamt þremur söngvurum. Þá hafa mörg íslensk tónskáld skrifað verk fyrir tríóið. Tríóið hefur haldið tónleika víða um land og mjög oft í samstarfi við ýmsa söngvara. Á undanförunum árum hefur Hanna Dóra Sturludóttir verið fastagestur á tónleikum tríósins

The Chalumeaux Trio was founded in 1990 by the clarinet players Kjartan Óskarsson, Óskar Ingólfsson and Sigurður Ingvi Snorrason. Óskar Ingólfsson passed away in 2009 and Ármann Helgason took his place in the trio. The trio's repertoire includes works that span the entire history of clarinet instruments and their predecessors, or from the first decade of the 18th century to the present day. In addition to playing original works by composers such as Graupner, Mozart and others, Kjartan and Sigurður have transcribed a number of works for the trio. There are numerous arias, duets and terzettas from operas by Mozart and Salieri that the trio has performed with three singers. Many Icelandic composers have also written works for the trio. The trio has given concerts around the country and very often in collaboration with various singers. In recent years, Hanna Dóra Sturludóttir has been a regular at the trio's concerts.

Efnisskrá

Hjálmar H. Ragnarsson f. 1952	<i>Mörsugur</i> fyrir 3 klarínettur
Jónas Tómasson f. 1946	<i>Alma Redemptoris Mater</i> fyrir altrödd og 3 klarínettur
Christoph Graupner 1683–1760	<i>Svíta númer 1</i> fyrir 3 Chalumeaux
Antonio Maria Bononcini 1677–1726	<i>Aría úr óratóríu „Godo ma come non sò“</i> fyrir rödd og 3 klarínettuhljóðfæri
Páll Pamphichler Pálsson 1928–2023	<i>Trio Trionfonte</i> fyrir 3 klarínettur <i>Das Wörtlein</i> fyrir rödd og klarínettu <i>Sigurðarljóð</i> fyrir einleiksklarínettu <i>Rondell úr Trakl söngvum</i> fyrir rödd og 3 klarínettuhljóðfæri
Hans Eisler 1898–1962	<i>Tvær Sonnettur</i> fyrir rödd, klarínettu og bassaklarínettu
Johannes Paul Thilmann 1906–1973	<i>Seltsame Sagen</i> fyrir rödd og 3 klarínettuhljóðfæri
Luigi Dallapiccola 1904–1975	<i>Goethe-Lieder</i> fyrir rödd og 3 klarínettuhljóðfæri
Igor Strawinsky 1882–1971	<i>Berceuses du chat</i> fyrir rödd og 3 klarínettuhljóðfæri

Hanna Dóra Sturludóttir hefur um árabíl verið ein af okkar fremstu söngkonum og átt farsælan feril á óperusviði og tónleikapalli víða um heim. Hún hefur komið reglulega fram á ljóðatónleikum, tekið þátt í flutningi kirkjulegra verka, sungið óperuhlutverk víða í Evrópu, tekið þátt í fjölmörgum sýningum Íslensku óperunnar og komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, ásamt fjölda erlendra hljómsveita víða um heim.

Hanna Dóra var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2014 fyrir hlutverk Eboli prinsessu í óperunni Don Carlo í uppsetningu Íslensku óperunnar og hlaut auk þess tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013, 2018, 2019 og 2022. Hún var tilnefnd til Grímuverðlauna sem söngvari ársins árið 2021. Hanna Dóra vakti verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í óperunni KOK sem frumflutt var í Borgarleikhúsinu vorið 2021 og hlaut Íslensku Tónlistarverðlaunin sem tónlistarviðburður ársins 2021.

Hanna Dóra hefur lagt sérstaka áherslu á flutning nýrrar tónlistar og starfaði um nokkurra ára skeið með óperuhópnum Novoflot í Berlín sem sérhæfir sig í óhefðbundnum óperuuppsetningum. Á Íslandi hefur hún meðal annars unnið með Caputhópnum, tekið þátt í Myrkum músíkdögum og unnið náið með Snorra Sigfúsi Birgissyni tónskáldi og hafa þau á undanförunum árum flutt og hljóðritað mikið af nýrri íslenskri tónlist. Í vetur syngur Hanna Dóra aðalhlutverkið í Innocence, óperu Kaija Saariaho, sem sýnd verður í nýrri uppfærslu í Gelsenkirchen í Þýskalandi. Hanna Dóra er prófessor og fagstjóri söngs við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ